

2. gr.

101

Brot gegn ákvæðum þessarar samþykktar varða sektum allt að 20 krón- 14. okt.
um, er renna í sveitarsjóð Kirkjuhvammshrepps eða Hvammstangahrepps, ef
kaupúnið yrði sérstakur hreppur.

3. gr.

Mál sem rísa út af brotum á samþykkt þessari skal farið með sem al-
menn lögglumál.

Samþykkt þessi, sem er samin og samþykkt samkvæmt lögum nr. 32 frá
4. júní 1924, er hérmeð staðfest til að öðlast gildi 1. nóvember 1930.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Gissur Bergsteinsson.

AUGLÝSING

102

21. okt,

um

vist þurfamanna á vinnuhælinu á Litla-Hrauni.

Samkvæmt 51. gr. fátækralaga nr. 43, 31. maí 1927 má sveitarstjórn, ef
þurfalingur sýnir mikla óhlýðni eða þrjózku við hana, eða hann sökum leti,
drykkjuskapar, illinda eða óknytta eykur sveit sinni sýnileg þyngsli, láta setja
hann í fangelsi við venjulegt fangaviðurværi allt að 3 mánuðum, ef lög-
reglustjóri veitir samþykki til þess í hvert sinn, eða setja þurfalinginn í nauð-
ungarvinnu með samþykki lögreglustjóra eftir reglum, sem ráðherra setur
þar um.

Ríkið hefir sett á stofn vinnuhæli fyrir fanga á Litla-Hrauni við Eyrar-
bakka og hefir 4. marz 1929 verið gefin út bráðabirgðareglugerð um skyldu-
vinnu fanga þar. Hefir verið ákveðið að þurfaling, sem hreppsnefndir vilja láta
setja í fangelsi eða nauðungarvinnu samkvæmt 51. gr. fátækralaganna, megi,
þegar rúm er fyrir þá á téðu vinnuhæli, setja þangað og skal þá með þá farið
eftir reglum þeim, sem settar eru í téðri bráðabirgðareglugerð, um skyldu-
vinnu fanga.

Hreppsnefnd, sem óskar að koma þurfalingi í vinnuhælið, skal í því efni
snúa sér til hlutaðeigandi lögreglustjóra, sem gerir nauðsynlegar ráðstafanir

102 til þess að koma þurfalingnum á hælið. Kostnaður allur, sem af þeim ráðstöf-
21. okt. unum og hælsvist þurfalingsins leiðir, greiðist úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.
Fyrirkomulag þetta kemur þegar til framkvæmda.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. október 1930.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

103
28. okt.

AUGLÝSING

um

staðfestingu stjórnarráðsins á lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað í Norðfirði.

Samkvæmt lögum nr. 1 frá 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð

Lögreglusamþykkt fyrir Neskaupstað í Norðfirði.

I. KAFLI.

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega upphot eða óspektir ekki eiga sér stað. Ekki mega menn þyrpast saman á almannafæri svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi og svæði, sem almenningur fer um, eða er ætlað til almennings afnota, svo sem leikvöllir, torg, bryggjur, uppfyllingar o. s. frv.

2. gr.

Þegar fjömennt safnast á almannafæri, þar á meðal við dyr kirkna, sölubúða, leikhúsa eða annara samkomuhúsa, eða annarsstaður, þar sem almenningur kemur saman, þá skulu menn haga sér eftir þeim fyrirmælum, sem lögreglan setur til að varðveita góða reglu.